

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Akureyri, 10.8.2023
UST202302-001/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5.7.2023 - fiskimjölsverksmiðja Brims Akranesi

Þann 5. júlí sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims á Akranesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarna- eftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila er bent á að geyma efni þannig að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið.
2. Tryggja þarf að réttar og fullnægjandi upplýsingar berist eftirlitsaðila.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Styrkur COD í frárennslismælingum árin 2022 og 2023 var yfir leyfilegum mörkum.
2. Gr. 2.17 í starfsleyfi. Styrkur svifefna í frárennslismælingu árið 2022 var yfir leyfilegum mörkum.
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var hvorki skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2021 né 2022.

Grænu bókhaldi fyrir árin 2021 og 2022 hefur verið skilað og er frávikinu því lokað.

4. Útstreymisbókhaldi var hvorki skilað á tilskildum tíma fyrir árið 2021 né árið 2022.

Útstreymisbókhaldi fyrir árin 2021 og 2022 hefur verið skilað og er frávikinu því lokað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum frávikum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 31. ágúst 2023.

Virðingarfyllt

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri